

**Sp.**

**91. Tillaga til þingsályktunar**

[83. mál]

um dreifikerfi sjónvarps.

Flm.: Páll Pétursson, Þorleifur K. Kristmundsson, Guðrún Benediktsdóttir, Ólafur Þ. Þórðarson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um það, að 10% af afnotagjöldum sjónvarps verði varið til uppbyggingar á dreifikerfi sjónvarpsins þannig að skilyrði verði sköpuð til viðtöku sjónvarpsefnis á sem allra flestum heimilum á landinu og einnig á þeim fiskimiðum þar sem það er unnt með viðráðanlegum kostnaði.

**Greinargerð.**

Þegar sjónvarpsrekstur íslendinga hófst var hafist handa um myndarlega uppbyggingu dreifikerfis um landið. Framkvæmdir þessar voru fjármagnaðar þannig að til þeirra var varið innflutningsgjöldum af sjónvarpstækjum. Þetta gaf góða raun og framkvæmdahraðinn var mjög góður. Þegar sjónvarpstæki voru komin á allan þorra heimila í landinu hvarf að mestu leyti sá tekjustofn, er staðið hafði undir uppbyggingunni.

Þegar uppbygging dreifikerfisins stöðvaðist höfðu þó ekki verið sköpuð skilyrði til viðtöku sjónvarpsefnis í nokkrum byggðarlögum. Samkvæmt áætlun, sem póst- og símamálastjórnin lét gera haustið 1974, dagsettri 15. nóv., vantaði 14 nýjar endurvarpsstöðvar sem þjóna ættu 50 eða fleiri notendum hver, og var þá áætlaður kostnaður við byggingu þeirra tæplega 50 milljónir. Þá þurfti skv. áætluninni nauðsynlega að endurbæta 15 bráðabirgðastöðvar. Áætlaður kostnaður við það var þá 35 millj. kr. Auk þess var gerð áætlun um endurbætur nokkurra endurvarpsstöðva á 23 millj. kr. Enn fremur var gerð áætlun um endurvarpsstöðvar vegna nokkurra fiskimiða. Það er að sjálfsögðu geysimikið og kostnaðarsamt verkefni og gerði áætlunin ráð fyrir 600 millj. kr.

Ekki þarf að fjölyrða um hvílikt réttlætismál það er að skapa landsmönnum sem jafnasta möguleika til nota þessa fjölmíðils sem er í ýmsum tilfellum veigamikil menningartæki. Það er skylda ríkis og ríkisfyrirtækja að skapa þegnunum öllum sem jafnasta lífsaðstöðu í hvívetna. Þetta er einn þáttur þess máls.

Að sjálfsögðu er hér um nokkuð kostnaðarsamt verkefni að ræða og nauðsynlegt að tryggja til verksins traustan tekjustofn. Innheimt afnotagjöld sjónvarps árið 1974 voru 259.6 millj. kr. og árið 1975 tæpar 400 millj., þannig að 10% af þeirri upphæð virtist eðlilegt að verja til uppbyggingar dreifikerfisins.

Það er skoðun flm. að sjónvarpsgjöld þyrftu ekki að hækka verulega þó sú leið verði farin sem hér er lagt til, heldur mætti að skaðlausu spara nokkuð á sumum liðum í sjónvarpsrekstrinum.

Á undanförnum þingum hafa verið fluttar nokkrar tillögur um hvernig ljúka megi þessu verkefni, en þær hafa ekki náð fram að ganga þrátt fyrir það að alþingismönnum hafi yfirleitt verið ljós nauðsynin á framkvæmd verksins. Nú hafa liðið 3 ár án þess að nokkuð hafi verið framkvæmt til þess að koma sjónvarpsefni til þeirra landsmanna sem hafa ekki aðstöðu til þess að veita því viðtöku, og er það ekki vansalaust. Flm. telja að sú leið, sem hér er lagt til að farin verði, sé eðlilegri heldur en sú að sóa gjaldeyri með því að heimila innflutning litsjónvarpstækja í því trausti að tolltekjur af þeim gætu staðið undir því að koma dreifikerfi um land allt.